

# Nemendur fá ritfangapakka að gjöf

Grunnskóli Fjallabyggðar afhendir nemendum ritfangapakka að gjöf frá sveitarfélaginu við skólabyrjun haustið 2018. Hann er svipaður milli árganga og felur í sér skriffæri, stíla- og reikningsbækur, skæri, teygjumöppu, tréliti, reglustikur o.s.frv. eftir þörfum hvers árgangs. Það sem ekki er í ritfangapakkanum þurfa foreldrar að útvega. Þetta má lesa á heimasíðu Fjallabyggðar. Sjá nánar [þar](#).

Grunnskóli Fjallabyggðar verður [settur](#) miðvikudaginn 22. ágúst. Samkvæmt [skóladagatali](#) hefst jólafrí að loknum Litlu jólum 20. desember og því lýkur 2. janúar 2019. Skólaslit verða 31. maí.

Mynd: Aðsend.

Texti: Fjallabyggd.is / Sigurður Ægisson | sae@sae.is.